

III. UPPDRÁTTUR Á NÆRSVÆÐI FLUGVALLAR



ADALSKIPULAG AKUREYRAR 2005-2018

SKÝRINGAR /SKILMÁLAR

C. Svæði með hæðartakmörkunum (hindranafletir):

Á uppdráttum II. og III. er gerð grein fyrir hindranafötum flugvallarinnar sem fela í sér hæðartakmarkanir á hverskonar mannvirkjum eða grótri innan og í nágrenni við flugvallarsvæðið og á áhrifasvæði flugvallarinnar. Með áhrifasvæði flugvallarinnar og nágrenni flugvallarinnar er átt við svæði undir hindranafötum. Byggja hindranafletirnir þessir og skilgreiningar þeirra á alþjóðlegum skuldbindingum (Chicago samningnum), lögum um loftferðir nr. 60 frá 1998 og reglugerð um flugvelli nr. 464 frá 2007.

Óheimilt er að reisa hvers konar mannvirki, tímabundið eða varanlega, upp fyrir hindranafleti flugvallarinnar sem gerð er grein fyrir á uppdráttum II. og III. nema að fengnu samþykki Flugmálastjórnar Íslands að undangenginni umsögn rekstraraðila flugvallarinnar.

Erindum um slíkar undanþágur skal beina til rekstraraðila flugvallarinnar sem sendir erindið til endanlegrar afgreiðslu Flugmálastjórnar með umsögn sinni. Leita skal slíks samþykkis við gerð deiliskipulags. Skal deiliskipulag þar sem gert er ráð fyrir slíkum frávikum sent til umsagnar áður en tilagð er auglýst. Sé um einstaka byggingarleyfisumsókn að ræða, á svæði þar sem ekki liggur fyrir deiliskipulag, skulu aðaluppdrættir sendir til umsagnar þegar byggingarleyfisumsókn hefur verið lögð inn til byggingarfulltrúa. Rekstraraðili flugvallarinnar getur óskað eftir sérstöku áhættumati vegna slíkra undanþágubeiðna á kostnað umsækjanda.

Ef um tímabundna hindrun er að ræða er rekstraraðila flugvallarinnar heimilt að afgreiða málið án aðkomu Flugmálastjórnar. Flugmálastjórn skal þó ávallt tilkynnt um slíkar afgreiðslur. Hafni rekstraraðili flugvallarinnar umsókn um tímabundna hindrun getur umsóknaraðili skotit slíki afgreiðslu til ákvörðunar Flugmálastjórnar.

Þar sem land stendur nú þegar upp úr láréttum- og keiluhindranafleti er, þrátt fyrir framangreint, heimilt að gera ráð fyrir og reisa byggingar með hámarks hæð allri að 18m upp fyrir óhreytt land. Ef hæð lóðar er mismunandi skal miðað við óhreytt land í hæsta punkti lóðar. Gert er ráð fyrir að slík - ar byggingar séu hindranalystar. Séu fleiri en ein bygging sem þannig háttar til um á sama svæði skal hæsta bygging á svæðinu vera með hindranalytingu. Flugmálastjórn getur krafist lýsningar á fleiri byggingar teiji hún staðsetningu þeirra varða flugöryggi. Þegar svæði sem þessi eru skipulögð eða þegar ætlunin er að veita byggingarleyfi á slíkum svæðum án þess að fyrir liggja skipulag eða á grundvelli skipulags þar sem ekki hefur verið tekið tillit til þessara reglna, skal þó ávallt leita umsagnar rekstraraðila flugvallarinnar. Sé umsögn rekstraraðila flugvallarinnar neikvæð skal hann beina erindinu til afgreiðslu Flugmálastjórnar.

Hindranafletir skiptast í eftirfarandi flokka:

Aðflugsfletir:
 Hallandi fletir út frá flugbrautarendu. Upphafsbreidd 300 m sem byrjar 60 metrum frá brautarendu og gleikkar út um 15% (1:6,67). Halli flatarinn er 2% (1:50) fyrstu 3.000 metrana síðan 2,5% (1:40) næstu 3.600 m, síðan kemur láréttur flötur sem nær 8.000 m. Samtals er flöturinn 15.000 m langur.

Flugtaksfletir:
 Hallandi fletir út frá flugbrautarendu. Upphafsbreidd 180 m sem byrjar 60 metrum frá brautarendu og gleikkar út um 12,5% (1:8) þar til breidd hans er orðin 1.200 m þá eykst breiddin ekki frekar, heildarlengd flatarinn er 15.000 m. Halli flatarinn er 2,0 % (1:50)

Skáfletir:
 Liggja út frá öryggissvæðum til hlóðar við brautir og enda við aðflugsfleti, halli 14,3 % (1:7) frá brún öryggissvæðis og upp að láréttafletinum

Lárétt svæði:
 Svæði 47,18 m.y.s. sem nær í 4.000 m radius út frá brautarendum og til hlóðar við flugbrautir.

Keilufletir:
 Hallandi flötur, 5% (1:20), upp frá útrúni láréttu svæðisins og nær 100 m upp fyrir hann.

Land uppúr hindranafleti

Reglur þessa voru auglýstar til kynningar og samhliða athugasemdafresti frá _____ til _____ 2011.

Innanríkisráðherra samþykkti reglur þessar með undirskrift sinni þann _____ 2011.

Auglýsing um gildistöku reglna þessara birtist í Lögbingingablaðinu þann _____ 2011 og öðluðust þær gildi þann dag.



INNANRÍKISRÁÐUNEYTTID

LANDSLÖG | arkitektur.is

